

Inntökuskilyrði

BS nám í hjúkrunarfræði

Inntökuskilyrði í hjúkrunarfræðideild er stúdentspróf af **bóknámsbraut** samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2008, eða jafngildi þess.

Fyrir þá stúdenta sem luku prófi samkvæmt eldri námskrám fyrir framhaldsskóla gildir almennt stúdentspróf.

Hjúkrunarfræðideild **mælir með** að stúdentar sem hefja nám við deildina hafi tekið eftirfarandi einingar í viðkomandi greinum:

- Íslenska 15e (25 FEIN)
- Stærðfræði 12e (18 FEIN)
- Saga 9e (15 FEIN)
- Samfélagsgreinar 12e (20 FEIN)
- Náttúruvísindi 12e (efnafræði, líffræði, eðlisfræði) (20 FEIN)
- Enska 15e (25 FEIN)

Fyrir nemendur sem hafa lokið sjúkraliðanámi, en hafa ekki stúdentspróf, gilda eftirfarandi reglur:

- Lágmarksaldur 25 ár
- 5 ára starfsreynsla sem sjúkraliði, í minnst 80% starfshlutfalli að meðaltali
- Lágmark 9 einingar í ensku, 15 einingar í íslensku og 6 einingar í stærðfræði

Ábending til allra umsækjenda: Hjúkrunarfræðin felur í sér nán samskipti og vinnu með fólki og leggur því áherslu á greinar sem auka skilning nemenda á manninum, eiginleikum hans og starfsemi. Því er æskilegt að allir nemendur hafi undirbúning í félags- og sálarfræði, sem og í líffræði, efnafræði og eðlisfræði.

Sérstaklega er bent á nauðsyn þess að hafa góða undirstöðuþekkingu í almennri efnafræði og lífrænni efnafræði. Mælt er eindregið með því að þeir sem ekki hafa góða undirstöðu í efnafræði sækji námskeiðið [Aðfaranám í almennri efnafræði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands](#).

Að auki er góður undirbúningur í ensku mikilvægur þar sem nánast allt lesefni er á ensku.

Sjá: http://www.hi.is/heilbrigdisvisindasvid_deildir/hjukrunarfraedideild/nam/inntokuskilyrdi